

## Tjáning

Í áfanganum eru nemendur þjálfaðir í að tala skýrt og áheyrilega. Leitast er við að efla sjálfstraust þeirra svo þeir öðlist þor til að tala fyrir framan áheyrendur. Nemendur læra slökun, rétta öndun, góða raddbeitingu og þjálfast í að hlusta. Lögð er áhersla á mikilvægi góðs undirbúnings og æfingar. Nemendur æfa upplestur á fjölbreyttu efni bæði í bundnu máli og óbundnu. Þjálfast í gerð kynninga og fyrirlestra. Farið er í helstu atriði varðandi ræðumennsku með flutningi tækifærisræðu og málefna-ræðu. Unnið verður í hópum með leikrænni tjáningu og leikjum auk þess sem allir fá mörg tækifæri til að æfa sig í tjáningu úr ræðustól.

### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi góðs undirbúnings áður en komið er í ræðustól.
- Að hægt er að yfirvinna óöryggi og kvíða.
- Að upphitun talfæra og raddar skiptir máli og að öndun, slökun og rétt líkamsstaða er undirstaða góðrar tjáningar.

### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Flytja óbundið og bundið mál úr ræðustól, tala út frá eigin brjósti fyrir framan hóp af fólki, hita upp rödd og talfæri, virkja öndunina og nota augnsamband.
- Átta sig á helstu atriðum sem móta tal, svo sem rödd, raddsviði, styrk, hraða, hrynjandi, orðaforða, framburði, málsniði, málfari og blæbrigðum máls.
- Hlusta á framsögn annara, gagnrýna hana og taka við gagnrýni.

### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og skilning sem hann hefur til að:

- Geta staðið upp og látið í sér heyra.
- Undirbúið tækifærisræðu, flutt ljóð og lesið eða sagt sögu.

**Námsmat:** Námsmat byggir á virkni í tímum, 4 heimaverkefnum sem flutt verða í tímum og 80% mætingu.